

Nd.

444. Breytingartillögur

[122. mál]

við frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka lán vegna framkvæmda-
áætlunar fyrir árið 1973.

Frá Vilhjálmi Hjálmarssyni.

1. Við 1. gr. Í stað „200“ komi: 350.
2. Við 7. gr. Greinin orðist svo:

Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að taka erlent eða inn-
lent lán að jafnvirði allt að 150 millj. kr. Af þeirri fjárhæð verði varið 100 millj.
kr. vegna kostnaðarauka við framkvæmdir á vegum Rafmagnsveitna ríkisins
samkvæmt þessari áætlun, eftir því sem þörf gerist, og 50 millj. kr. vegna
væntanlegrar samtengingar raforku milli Norður- og Suðurlands, ef fé skortir
til nauðsynlegra rannsókna eða nauðsynlegt reynist að kaupa efni, þannig að
framkvæmanlegt verði að hefja byggingu línunnar árið 1974.

3. Við 10. gr. Sundurliðun breytist þannig:

a. Rafmagnsveitur ríkisins, framkvæmdir. Fyrir „236“ komi	240
b. Laxárvirkjun. Fyrir „47“ komi	80
c. Sveitarafvæðing. Fyrir „70“ komi	110
d. Hafnarfjarðarvegur í Kópavogi. Fyrir „50“ komi	65
e. Norðurlandsáætlun, hafnir og flugvellir. Fyrir „38“ komi	42
f. Nýr liður á eftir liðunum Rannsóknastofnanir á Keldnaholti. Blævardalsárvirkjun	4
g. Til Framkvæmdasjóðs Íslands. Fyrir „100“ komi	150